

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann **149**
úr sýslusjóði. 28. ágúst

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. ágúst 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

G J A L D S K R Á

150

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

31. ágúst

1. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku á þann hátt og við því verði, er hér segir:

- a) Um hemil fyrir kr. 150.00 hvert kílóvatt um árið.
Rafveitan selur eigi minna afl um hemil en $\frac{1}{2}$ kílóvatt.
- b) Um mæla, þar sem hver tetgund notkunar er mæld sérstaklega:
 1. Til ljósa fyrir 55 aura hver kwst.
 2. — næstu 44xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 8 aurar fyrir hverja kwst.
 3. — herbergjahitunar — $3\frac{1}{2}$ — — —
 4. — vélareksturs og iðnaðar — 17 — — —
- c) Um mæli til heimilisnotkunar (ljós, suðu, herbergishitunar í íbúðum) mæld um einn mæli:
 1. Fyrir fyrstu 6xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 55 aurar fyrir hverja kwst.
 2. — næstu 44xh kwst. á hverjum mánuði greiðist 8 aurar fyrir hverja kwst.
 3. — það, sem notað er þar fram yfir, greiðist $3\frac{1}{2}$ aurar fyrir hverja kwst.
Merkir þá h fjölda íbúðarherbergja.
- d) Þeir notendur, sem festa kaup á 20 kw a. m. k. til heils árs skulu geta fengið það afl, er þeir nota fram yfir fastaafli, gegn kwst.gjaldi:
 1. Til iðnaðar eða vélareksturs fyrir $9\frac{1}{2}$ aura hverja kwst.
 2. — upphitunar húsa eftir sérstökum samningi, þar sem tekið er tillit til þess á hvaða tíma dags orkan er notuð.
- e) Um sérstaka notkun, sem ekki fellur undir lið a—d, fer eftir samningi milli rafveitustjórnar og hlutaðeiganda. Gjöld þessi má hækka og lækka um 10% ef yfirstjórn samþykkir.

2. gr.

Fyrir leigu á mælitækjum skulu rafnotendur greiða:

1. Fyrir hemil kr. 1.50 fyrir hvern ársfjórðung.
2. — venjulegan tvífasa mæli 50 aura á mánuði.
3. — samsett mælitæki kr. 1.00 á mánuði.

3. gr.

Heimtaugagjald skal hver húseigandi eða húsráðandi greiða í eitt skipti fyrir öll, er hann fær lagða heimtaug að húsum sínum.

- 150 Upphæð heimtaugagjalds miðast við fasteignamat hússins eða húsanna, sem orku
31. ágúst fá úr heimtaug, og skal vera 1% af því og innheimtast ársfjórðungslega á 2 árum með
 $\frac{1}{8}$ í hvert sinn.

4. gr.

Fast árgjald skal goldið fyrirfram að fjórðaparti í senn, fyrir hvern ársfjórðung, og er gjalddagi 2. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

Gjald eftir tölu kílóvattstunda skal greitt mánaðarlega eftir á, undir eins og krafist er.

Þó skal gjald eftir tölu kílóvattstunda samkv. d-lið 1. gr., greitt eftir á við lok hvers ársfjórðungs.

5. gr.

Gjald fyrir raforku má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. október 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu frá 22. febrúar 1934.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

151

31. ágúst

REGLUGERÐ

fyrir Austur-Skaftafellssýslu, um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o. fl.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum frá 31. maí 1927 hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

II. KAFLI

Um upprekstur.

2. gr.

Allir þeir, er afrétt eiga eða geta fengið hann hjá öðrum, skulu nota hann til upprekstrar fyrir fé sitt. Þar, sem engan afrétt er hægt að fá, má nota heimalönd til sumarbeitar.

Þar, sem tveir eða fleiri menn eiga eða hafa afgirt sameiginlegt beutiland, getur annar eða einn ekki tekið gripi til beitar af öðrum, nema með samþykki meiri hluta hlutaðeiganda. Geti einhver í sameignarlandi afstaðið beit eða beutiland, er honum skylt að bjóða meðeigendum sínum fyrst afnot af beutilandinu, áður en hann gefur það falt við aðra.

Ef enginn af meðeigndum hans þarf landsins með, má hann taka gripi af öðrum að því leyti, sem hann hefir þá færri í beutilandinu en meðeigendur hans, samanborið við landstærð hvers þeirra. En þess skal þó gætt, að heimahögum sé ekki íþyngt um of.